



Fjárlaganefnd Alþingis
Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2010
Tilvísun: H110040090/0.3

Háskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.

Háskóli Íslands hefur frá upphafi tekið þátt í undirbúningi verkefnis um byggingu nýs háskólasjúkrahúss (Landspítala). Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins áformar háskólinn byggingu húsnæðis fyrir heilbrigðisvísindasvið skólans á Landspítalalóðinni við Hringbraut samtengt hinu nýja sjúkrahúsi. Hlutafélag það sem hér um ræðir mun þó ekki fjármagna byggingahlut háskólans, en gert er ráð fyrir samstarfi og að byggingarnar rísi samhliða, enda mikilvægi slíks ótvírætt.

Vegna þessa og nánna tengsla Háskóla Íslands og háskólasjúkrahússins er mikilvægt að háskólinn verði hafður með í ráðum eins og verið hefur. Þar sem frumvarpinu er ætlað að setja verkefninu ákveðinn ramma telur háskólinn eðlilegt að þar séu sett ákvæði um aðkomu háskólans að hlutafélaginu og að fjallað sé um áformuð tengsl spítalans og húsnæðis heilbrigðisvísindasviðs.


Með vísan til þess sem hér að framan greinir leggur háskólinn til eftirfarandi viðbætur við einstakar greinar frumvarpsins.

1. Lagt er til að aftast í 1. mgr. 1. gr. komi nýr málslíður svohljóðandi: Bygging sjúkrahússins skal fara fram samhliða byggingu nýs húsnæðis heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands.
2. Lagt er til að aftast í 2. mgr. 2. gr. komi nýr málslíður svohljóðandi: Þannig skal m.a. gerður samningur milli hlutafélagsins og Háskóla Íslands um samþættingu hönnunar og framkvæmda við byggingar háskólasjúkrahússins og byggingar háskólans verði það talið hagkvæmt.
3. Lagt er til að við skipun stjórnar hlutafélagsins verði haft samráð við þær stofnanir sem málið varðar, þ.e. Landspítalann og Háskóla Íslands. Er lagt til að aftast í 1. mgr. 3. gr. komi nýr málslíður svohljóðandi: Skal einn stjórnarmaður vera valinn í samráði við Háskóla

Íslands og annar í samráði við Landspítalann.

Að öðru leyti gerir Háskóli Íslands ekki athugasemdir við efni frumvarpsins og mælir með því að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst
f.h. Háskóla Íslands


Ingibjörg Halldórsdóttir
Lögfræðingur